

BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

2.bréf 2016

Júní

Um búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar.

Sjálfstæð rekstrareining var sett á laggirnar innan Bændasamtakanna á árinu 2015, Búnaðarstofa, sem hafði umsýslu með þeim stjórnsýsluverkefnum sem nú hafa verið flutt til Matvælastofnunar. Árið 2015 var það síðasta sem Bændasamtökin sinntu stjórnsýsluverkefnum í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlagasamning sem voru færð til Matvælastofnunar þann 1. janúar 2016. Stjórnsýsluverkefnin færðust til Matvælastofnunar um síðustu áramót. Skipuriti Matvælastofnunar var breytt samhliða og búin til ný skrifstofa innan hennar, búnaðarmálaskrifstofa, sem hefur aðsetur á 2. hæð í Bændahöllinni v. Hagatorg í Reykjavík.

Flest þeirra stjórnsýsluverkefna sem færðust til Matvælastofnunar voru áður á ábyrgð Matvælastofnunar, en Bændasamtök Íslands sáu um framkvæmd þeirra. Sú framkvæmd fluttist til Búnaðarstofu árið 2015 eins og áður segir, og frá með síðustu áramótum ber Matvælastofnun, búnaðarmálaskrifstofa, ábyrgð og fer með framkvæmd þessara verkefna. Framkvæmdastjóri búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar er Jón Baldur Lorange.

Umsóknir um jarðræktarframlög

Þann 8. júní var opnað fyrir jarðræktarumsóknir og umsóknir vegna stórra affallsskurða. (6 m að ofan) Bændur sem stunda einhverskonar ræktun á korni, græn fóðri eða eru að endurrækta tún eru hvattir til að sækja um styrk. Sækja þarf um á kennitölu rekstareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld framleiðsla er stunduð og viðkomandi hefur ÍSAT númer. Gerð er krafa um að með umsókn vegna jarðabóta sé stafrænt túnkort af ræktarlandinu í túnkortagrunni Bændasamtaka Íslands fyrir þær spildur sækja á um styrk fyrir. Eins og fram kemur á eyðublaði þarf umsækjandi að tiltaka númer á spildum og stærðir. Bændur eru hvattir til að tilgreina tegund ræktunar og yrkja sem sáð er, upplýsingar þessar verða svo aðgengilegar á www.jörð.is.

Þeir bændur sem eru ekki með stafræn túnkort geta haft samband við Búnaðarsamtök Vesturlands og óskað eftir að láta vinna fyrir sig túnkort.

Gjaldskrá BV

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt á stjórnarfundum BV 18.mars og gildir frá 1. mars 2016:

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar verður eftirfarandi:

| | |
|---|-------------|
| Gjald fyrir sædda kú í skýrsluhaldi | kr. 2.536.- |
| Gjald fyrir sædda kú utan skýrsluhalds | kr. 3.340.- |
| Gjald fyrir sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla | kr. 6.520.- |
| Heimsóknargjald vegna sæðinga | kr. 1.397.- |

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV kr. 5000 pr. klst

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV kr. 10.000 pr. klst.

Gjald fyrir klaufskurð er eftirfarandi:

| | |
|--|---------------------|
| Tímagjald fyrir klaufskurð fyrir bændur á starfssvæði BV | kr. 8.500 pr. klst. |
| Komugjald vegna klaufskurðar á starfssvæði BV | kr. 20.000.- |
| Þrifagjald v. Klaufskurðar | kr. 8.500 |

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4.gr.

DNA Greining og efniskostnaður kr. 7140

DNA Heimsóknargjald kr. 1397

5. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. 3 og 4. gr

Sumarlokun BV

Skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands verður lokað mánudaginn 11. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 2. ágúst. Ef nauðsynlega þarf að hafa samband við BV þá er hægt að hringja í Guðmund Sigurðsson, framkvæmdastjóra, í síma 892 0659 eða 862 6361.

Frjótækna munu verða á vaktinni sem áður og minnum við bændur á að hringja fyrir tilskilinn tíma til að panta sæðingar.

Tilkynning frá Bókhaldsþjónustu BV ehf

Bókhaldsþjónusta BV vill minna viðskiptavini á að skila inn gögnum tímalega, vegna VSK-skila sem eru 1. sept nk.

Frá aðalfundi BV sem haldinn var 14. apríl 2016

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á fundinum

Ályktun um félagsgjald BV

- Skýrt verði fyrir félagsmenn að þeir sjái ávinning af því að vera félagar og greiða félagsgjöld. Skýra mun á aðalaðild og aukaðild.
- Skoða útfærsluna á félagsgjaldi gagnvart lögaðilum og eigendum þeirra. Eðlilegt er að lögaðili greiði félagsgjald en eigendur eða umráðamenn séu aðilar að sambandinu. Hugsu mætti sér að greitt væri einhvers konar búsgjald.

Greinargerð:

Það verður að vera skýrt að tilvera búnaðarsamtakana eigi rétt á sér. Jafnframt ef svo er að skýr greinarmunur verði á þjónustu og gjöldum, þannig að félagsmenn njóti betri kjara en þeir sem standi utan félags. Einnig verði gerður skýr munur á ávinningi af því að vera með aðalaðild og aukaðild. Lögaðili (t.d. einkahlutafélag eða annað lögaðilaform) verður að geta borgað aðild eigenda og/eða umráðamanna.

Aðalfundur BV haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2016 lýsir ánægju yfir velheppnaðri sýningu og hátíð sem kennd er við Mýraelda. Aðalfundur þakkar Búnaðarfélagi Mýramanna gott framtak.

Lagt til að skoðuð verði samvinna við Mýraeldahátíð ef setja á upp eins konar Landbúnaðarsýningu fyrir landshlutann.

Aðalfundur BV haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2016 lýsir yfir ánægju með störf og hugleiðingar framtíðarnefndar. Skorað er á stjórn að vinna úr þeim hugmyndum sem nefndin lagði til.

Aðalfundur BV haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2016 ályktar eftirfarandi:

Skerðing á pósthjónustu í dreifbýli hefur í för með sér mikil óþægindi og óhagræði. Aðalfundur hefur áhyggjur af því að þróunin haldi áfram með svipuðum hætti og það geti að því liðið að ákveðin svæði verði án pósthjónustu.

Aðalfundur BV minnir á að góð pósthjónusta er einn af lykilþáttum í búsetuskilyrðum fólks. Jafnframt minnir fundurinn á að pósturinn er opinbert þjónustufyrirtæki sem nú mismunar þegnum landsins í þjónustu sinni, þrátt fyrir jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga.

Pósthjónusta fyrir íbúa hinna dreifðu byggða er mikilvæg og það eru margir sem treysta því að þessi þjónusta sé áreiðanleg, bæði þeir sem fá póstinn og þeir sem senda. Misbrestur á þessu trausti getur haft slæmar afleiðingar, sérstaklega fyrir þann sem kaupir þjónustuna og treystir á að sendingin sé borin á eða við heimili viðtakenda.

Nú hefur komið til framkvæmda að ferðum hefur verið fækkað og afhending oft fjarri manna-bústöðum.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. Apríl 2016 mótmælir þessu harðlega og krefst þess að pósturinn snúi af villu síns vegar.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2016 leggur til að við samþykktabreytingar verði eftirfarandi breytingar teknar til athugunar:

- a. Að félögum í landbúnaði á svæði BV sem uppfylli tiltekin skilyrði um fjölda félagsmanna og veltu, verði veitt aðild að samtökunum enda samræmist samþykktir viðkomandi félags samþykktum BV.
- b. Að Aðalfundur BV verði haldinn annað hvert ár en hitt árið verði formannafundur.
- c. Stjórnarmenn verði áfram 5 en svæðaskipting stjórnarkjörs afnumin en bsb Vestfjarða og bsb Kjalarnesþings boðið til sameiningarviðræðna m.a. á þessum forsendum.

Eftirtalin voru kjörin í stjórn Búnaðarsamtaka Vesturlands:

Aðalmenn: Þórhildur Þorsteinsdóttir formaður, Daníel Ottesen, Ytra-Hólmi, Halldór Gunnlaugsson, Hundastapa, Guðný Linda Gísladóttir, Dalsmynni, Bryndís Karlsdóttir, Geirmundarstöðum.

Á stjórnarfundum 27. apríl var Daníel Ottesen kosin varaformaður.

Varamenn: Varamaður formanns. Halla Steinólfssdóttir, Ytri-Fagraðal, Helgi Már Ólafsson, Ósi, Ingibjörg Daníelsdóttir, Fróðastöðum, Gunnar Guðbjartsson, Hjarðarfelli. María Línadal, Neðri-Hundadal.